



## Reglur um frístundarheimili Flóaskóla

### 1. gr.

#### Almennt

Frístundarheimili er rekið fyrir börn í 1.-4. bekk í Flóaskóla, Flóahreppi. Skilyrði fyrir vistun er að nemandi eigi lögheimili í Flóahreppi eða stundi nám við Flóaskóla samkvæmt samkomulagi þar um.

Hlutverk frístundaheimilis er að mæta þörfum fjölskyldna í sveitarfélaginu og skapa yngstu nemendum grunnskólanna tryggan samverustað eftir að skóla lýkur.

### 2. gr.

#### Starfsmenn

Skólastjóri Flóaskóla er yfirmaður frístundar. Starfsmenn í frístund sjá um skipulag starfseminnar og umsjón barna sem þar eru í vistun. Til að tryggja öryggi barna og starfsmanna er miðað við að tveir starfsmenn séu við störf hverju sinni.

### 3. gr.

#### Opnunartími

Frístundarheimili er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur þá daga skólaársins sem kennsla er í Flóaskóla. Daglegur opnunartími frístundar er til kl. 16:30 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:00 á föstudögum. Á starfsdögum er frístund opin frá kl. 8:00 að morgni nema annað sé tekið fram á skóladagatali. Á skertum dögum er opið frá kl. 12:30. Frístund er lokuð í haust- og vetrarfríi skólans.

Foreldrum/forráðamönnum bera ábyrgð á að láta vita ef barn mætir ekki í frístund.

### 3. gr.

#### Innritun

Umsókn um vistun á frístundarheimili skal skila til ritara Flóaskóla fyrir 15. ágúst vegna komandi skólaárs. Ef breyta á vistun hjá börnum skulu breytingar berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur það gildi um næstu mánaðarmót á eftir.

Dvöl í frístund á starfsdögum er í boði fyrir þau börn sem eru skráð á viðkomandi vikudegi.

### 4. gr.

#### Dvalargjald

Greiða þarf fyrir dvalartíma sem pantaður hefur verið, óháð því hvort barnið mætir eða ekki. Greiða þarf gjald fyrir hvern dag samkvæmt gjaldskrá. Innifalið í verði er síðdegishressing, á starfsdögum Flóaskóla er boðið upp á morgunávexti, léttan hádegisverð og síðdegishressingu. Veittur er 25% systkinaafsláttur ef barn á systkini í frístund eða á leikskólanum Krakkaborg.

Dvalargjald er greitt mánaðarlega og er greiðsluseðill birtur í heimabanka foreldra/forráðamanna.

### 5. gr.

#### Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar á tveggja ára fresti.

Flóahreppi 1. nóvember 2022

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri